

Til þeirra er málið varðar

Ég, undirrituð vil lýsa eindreignum stuðningi við frumvarp Ingu Snæland um bann á blóðmerahaldi.

Ég er alfarið á móti blóðmerahaldi á Íslandi og óska eftir því að það verði lagt niður með öllu sem allra fyrst.

Í mínum hug er meðferð blóðmera og folalda þeirra gróft dýraníð og brot á lögum um dýravernd. Það er aðallega tvennt sem ég byggi þá skoðun mína á.

1)Það er ógerlegt að framkvæma rólega og hestvæna blóðtöku á flóttadýri sem búið er að loka af í þröngu rými og taka frá þeim afkvæmi þeirra. Hryssur sem verða fyrir þessu eru án efa skelfingu lostnar og sýna það annað hvort með því að berjast um eða að lamast úr hræðslu og geta sig ekki hreyft.

2)tekið er 15-20% blóðrúmmáls hryssunnar í hvert sinn allt að 8 sinnum yfir sumarið. Það er gríðarlegt magn af blóði, rúmlega allt blóðrúmmál hryssunnar er fjarlægt úr líkama hennar á eingöngu 8 vikum. Þar að auki á viðkvæmum tíma þar sem hún ætti að vera að auka blóðrúmmál sitt vegna meðgöngu. Við bætist að sumar þeirra eru enn að jafna sig eftir síðustu meðhöngu og með folald á spena!

Það er enginn vegur að þetta hafi ekki verulega neikvæð áhrif á líf og heilsu hryssu, folalds og fyls. Þær rannsóknir sem Mast og Ísteki vitna endurtekið í um að svo sé ekki hafa þeir ekki getað birt, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir ýmissa aðila, þmt undirritaðrar. Nú hefur komið á daginn að þessar rannsóknir eru ekki til. En til eru erlendar rannsóknir á hrossum sem sýna að blóðmagn sem tekið er af íslenskum hryssum og tíðni blóðtöku er langt umfram þol hryssunnar m.t.t heilsu hennar og folalds hennar.

Ég legg traust mitt á að stjórnvöld vinni að því hörðum höndum að leggja blóðmerahald niður hið snarasta og þessum hryssum fundinn annar tilgangur.

Það er landi og þjóð til skammar að þessi ógeðfellda búgrein hafi viðgengist í hátt í 40 ár á Íslandi og upplýsingar um magn, eðli og tilgang þessarar starfsemi haldið frá almenningi.

Kær kveðja

Guðrún Sch. Thorsteinsson